

## Óvenjuleg vorferð JÖRFÍ 2020

Hrafnhildur Hannesdóttir<sup>1</sup> og Þórdís Högnadóttir<sup>2</sup>


<sup>1</sup>Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 7–9, 108 Reykjavík; hh@vedur.is

<sup>2</sup>Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Vegna Covid faraldurs varð að aflýsa hefðbundinni vorferð JÖRFÍ enda engin leið að virða fjarlægðamörk sóttvarnareglna í tveggja manna kojum Nýja skálans á Grímsfjalli. Það voru engu að síður fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni og reglubundnar mælingar sem ekki hefði verið gott að fresta. Því var ákveðið að farið yrði í fámenna vinnuferð á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans og Veðurstofu Íslands. Vegna aurbleytu í Jökulheimum lá leiðin upp Skálafellsjökul, líkt og árið á undan. Leiðangur Veðurstofufólks var 1.–9. júní, með viðkomu á Vagnsstöðum í gistingu en starfsfólk Jarðvísindastofnunar lagði af stað snemma morguns 2. júní og kom til byggða aðfaranótt 5. júní, fóru þau milli Reykjavíkur og Grímsfjalls í einum legg. Á jökli var notast við 2 bíla og 7 vélsleða. Þátttakendur frá Veðurstofu voru Baldur Bergs-

son, Benedikt Ófeigsson, Bergur Hermanns Bergsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Melissa Pfeffer og Vilhjálmur Kjartansson. Frá Jarðvísindastofnun fóru Eyjólfur Magnússon, Sveinbjörn Steinþórsson og Þórdís Högnadóttir. Talsverð hagræðing var af sameiginlegu matarfélagi og munaði þar mest um fjölbreytt úrval af engiferöli og rjómatertubotnana sem komust heilu á höldnu upp á Grímsfjall.

Verkefnalisti vorferðar var fjölbreyttur og verður hér farið yfir það helsta. Íssjármælingar í Eystri Skaftárkatli og þyngdarmælingar á Bárðarbungu til að fylgjast þar með breytingum, sem orðið hafa í kjölfar öskjusigsins 2014–2015. Farið var til gasmælinga í sigkötlum Bárðarbungu og í Grímsvötnum. Ýmis GPS-tæki voru sett í gang aftur; á Rótarfjallshnjúk þurfti að grafa nokkra metra niður á tækið og í Skaft-



Uppsetning á nýju GPS-tæki Veðurstofunnar í Grímsvötnum, Benedikt Ófeigsson í lokafrágangi á köplum. Ljósmynd/ Photo : Hrafnhildur Hannesdóttir, 5. júní 2020. – Installation of the new GPS instrument in Grímsvötn, Benedikt Ófeigsson connecting the cables.



Eyjólfur Magnússon hugar að GPS-tæki á Húsbónða, Pálsfjall í baksýn. Ljósmynd/ Photo: Hrafnhildur Hannesdóttir, 3. júní 2020. – Eyjólfur Magnússon testing the GPS instrument on Húsbónði, Pálsfjall in the background.

árkötlum fannst tækið eftir talsverða leit með ýmis konar búnaði (recco-snjóflóðaleitartæki, snjóflóðaleit-arstangir og málmleitartæki). Einnig voru mældir GPS-punktur á Húsbónða, Vetti, Kistu og í Esjufjöllum og GPS-stöð var lagfærð frá því í afkomuferðinni fyrir um vorið á Vestari Svíahnúk. Nýtt GPS-tæki var sett upp í Grímsvötnum sem mælir með meiri nákvæmni en eldra tæki Jarðvísindastofnunar. Í tengslum við nýtt RANNÍS-verkefni um árstíðabundna sveiflu í skriðhraða jökla voru sett upp GPS-tæki á Skaftárjökli og á Skeiðarárjökli vestan við Vött. Farinn var leiðangur inn í Svöludal, upp að Þverártindsegg og í Mávabyggðir í endurtökljósmyndun, sem felst í því að leita uppi myndatökustaði gamalla mynda og taka ljósmynd frá sama stað. Einnig var sinnt viðhaldi á jarðskjálftamælum (á Vetti, Húsbónða, Dyngjujökli og Kistu). Reynt var að koma skikki á vefmyndavél á gaffli Gamla skála, en það verk kláraðist í annarri ferð. Radíósamband Veðurstofunnar frá Grímsfjalli og niður á Skeiðarársand var lagt niður, þar sem undanþáguleyfið fyrir þeirri tíðni var afnumið af Póst- og fjarskiptastofnun. Öll fjarskipti fara nú um samband Neyðarlínunnar. Sumir leiðangursmenn voru áhugasamir um að vera áfram á fjallinu og fylgjast grannt með íshellunni í Grímsvötnum og bíða eftir gosi. Ekki var einhugur um að bíða eftir því!

Dagana 5.–8. júní kom skálanefnd í vinnuferð á Grímsfjall, sinntu þeir ýmsum lagfæringum og endurbótum, meðal annars í kringum rafstöðina. Til að hleypa skálanefnd að í sín verkefni, hélt vorferðarfólk sig í „sóttkví“ í Gamla skála þessa daga. Ágætisveður var á jöklinum mestalla ferðina, en mikið hvassviðri gerði 6. júní og urðu talsverðar skemmdir á vélsleðum og matarkistum. Festing fyrir sólar sellu splundraðist og f auk fram af fjallinu. Reynt var að fara niður af jökli 8. júní, en niðurferð breyttist í sovét og hélt leiðangursfólk vel hvílt til byggða þann 9. júní. Á jökulröndinni skiptist Veðurstofuhópurinn upp og viðhald á GPS- og jarðsjálftastöðvum sunnan jökuls tók við hjá hluta hópsins.

### The 2020 Spring Expedition

The annual spring expedition of the society to Vatnajökull was unusual in 2020. Due to covid restriction only a small group of scientists and technicians of the Icelandic Meteorological Office and the Institute of Earth Sciences at the University of Iceland joined forces in early June. Numerous installations and renovations of the GPS equipment and seismic monitors were carried out, along with radio echo sounding surveys, gravitational and gas measurements, repeat photographic site visits, and more. Members of the society had some maintenance work to do around the huts on Grímsfjall during the first week of June as well.